



Útgefandi: Síminn hf.
Viðauki við lýsingu hlutabréfa dagsetta 25. september 2015

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 sem varða tilvik þegar fram koma „mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum“. Lýsing Símans hf. skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta lýsingarinnar.

Í eftirfarandi köflum lýsingarinnar; lið *CI* í samantekt, köflum *4.3.3 Tegund og útgáfuform* og *5.1 Skilgreiningar og tilvísanir* í verðbréfalýsingu og kafla *7.1 Skilgreiningar og tilvísanir* í útgefandalýsingu, skal standa ISIN númerið IS0000026193 (í stað eldra númeris IS0000015089 sem hefur verið gert ógilt).

Í fyrstu málsgrein kafla *3.1 Hlutverk og markmið* í útgefandalýsingu misritaðist hlutfall tekna frá einstaklingum (ranglega 48%). Skal þar standa: „Viðskiptavinir eru um 115 þúsund talsins, þar af eru um 88% einstaklingar sem gefa um 44% af tekjunum.“

Í annarri málsgrein í kafla *6 Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2012 – 30. júní 2015* í útgefandalýsingu misritaðist viðmiðunardagsetning samruna (ranglega tilgreind 1. júlí 2015). Skal þar standa: „Jafnframt hefur Skjárinn ehf. verið sameinaður Símanum og miðaðist sá samruni við 1. janúar 2015.“

Í annarri málsgrein kafla *6.4.1 Fjárfestingar* í útgefandalýsingu féll niður nafn dótturfélagsins Mílu í einni setningu í umfjöllun um fjárfestingar í fastlínu og farsíma. Í samræmi við upplýsingagjöf á mynd sem vísað er til skal þar standa: „Samtals eru þessir fjárfestingaflokkar 65-70% af heildarfjárfestingum Símans og Mílu.“

Í fjórðu málsgrein sama kafla misritaðist hlutfall fastlínu og farsímanets af varanlegum rekstrarfjármunum samstæðunnar. Í samræmi við upplýsingagjöf á mynd sem vísað er til skal þar standa: „Af myndinni má ráða að um 74% af eignum samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum eru fastlína og farsímanet.“

Í fyrstu málsgrein kafla *6.4.3 Fyrirhugaðar fjárfestingar* í útgefandalýsingu misritaðist hlutfall fjárfestinga af tekjum (ranglega tilgreint allt að 18%). Í samræmi við aðra upplýsingagjöf í lýsingunni skal þar standa: „Á árunum 2015-16 er gert ráð fyrir að fjárfestingar geti numið á bilinu 15-16% af tekjum og þær verði fjármagnaðar með handbæru fé.“

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Símans hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 1. október 2015
Fyrir hönd Símans hf.

Sigríður Hrólfsdóttir
formaður stjórnar

Orri Hauksson
forstjóri

Umsjónaraðilar



ARCTICA FINANCE